

Lög

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum.

1. gr.

E-liður 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsóknna lögreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsóknna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsóknna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

2. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknnum, samanburðarrannsóknnum og öðrum slíkum rannsóknnum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 21. maí 2004.